

From: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
To: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
Subject: Umsögn við frumvarpsdrög til laga um lagareldi: V. kafli. Úthlutun smitvarnarsvæði og rekstrarleyfi
Date: fimmtudagur, 12. febrúar 2026 14:29:40
Attachments: [Fylgiskjal 1. Úthlutun smitvarnarsvæða og rekstrarleyfi \(V. kafli\).pdf](#)

Ágætu félagar,

Það hafa verið gerðar margar jákvæðar breytingar á frumvarpsdrögum til laga um lagareldi. Þrátt fyrir það standa enn eftir alvarlegir meinbugir í frumvarpinu. Í viðhengi fylgir umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við V. kafla frumvarpsins, Úthlutun smitvarnarsvæða og rekstrarleyfa.

Aðdragandi

Málið á rætur að rekja til tillagna starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, sem birtar voru í opinberri skýrslu árið 2017. Í þeim starfshópi sátu meðal annars þáverandi stjórnarmenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða (nú Kaldvík), sem höfðu forystu um mótun tillagna.

Tillögur starfshópsins voru í kjölfarið samþykktar af Alþingi með breytingum á lögum um fiskeldi árið 2019. Í framhaldinu var sett reglugerð sem meðal annars opnaði á möguleika á lokuðum útboðum – en aldrei varð að neinu útboði. Ákvæði um útboð voru síðan tekin upp, nær óbreytt, í frumvarpi um lagareldi sem lagt var fram árið 2024.

Í núverandi frumvarpsdrögum er þessum ákvæðum aftur haldið nánast óbreyttum, þrátt fyrir að á þau hafi verið gerðar mjög alvarlegar og ítrekaðar athugasemdir. Hér er sérstaklega vísað til ákvæða 25. og 33. gr. frumvarpsins.

Fyrir hvern er verið að vinna?

Fyrirhuguðu útboðskerfi er ef til vill best lýst með orðunum „það er aðeins einn í útboði“ – og það á við í flestum tilvikum.

Vinnubrögðin við mótun ákvæða 25. og 33. gr. frumvarpsins eru slík að þau vekja alvarlegar spurningar um þá hagsmuni sem liggja að baki frumvarpinu. Sú tilfinning dýpkar enn frekar þegar komið er að VII. kafla frumvarpsins, um laxahluti, sem verður tekin til sérstakrar, ítarlegrar og gagnrýnnar umfjöllunar síðar.

Það er óhjákvæmilegt að spyrja fyrir hverja sé í raun verið að vinna – hvort verið sé að gæta almannahagsmuna eða fyrst og fremst hagsmuna erlendra fjárfesta.

Frekari upplýsingar, greiningar og **tillögur** er að finna í viðhengi.

Um

Undirritaður er sjávarútvegsfræðingur og hefur starfað við fiskeldi í rúm 30 ár. Á þeim tíma hefur hann komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld sem tengjast fiskeldi, meðal annars við undirbúning og vinnu að lögum og reglugerðum á sviðinu. Sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og setningu laga um fiskeldi á árunum 2017–2019 hefur verið

gagnrýnd opinberlega. Í byrjun ársins 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi og þið verðið reglulega upplýst um framganginn.

Yfirlit um málið er að finna á lagareldi.is

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á sjavarutvegur.is

Með kveðju

Valdimar Ingi Gunnarsson

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Sjávarútvegsþjónustan ehf.

valdimar@sjavarutvegur.is

Sími 6952269

www.lagareldi.is